

155
14. júlí8. gr.
Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

Reykjavík, 28. apríl 1952.

Halldór Kjartansson.

Lúðvíg Guðmundsson.

Ingvar Kjartansson.

156
15. júlí

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 214 frá 1951, um notkun heimildar laga nr. 94 frá 27. nóv. 1951, um innheimtu ýmissa gjalda 1952 með viðauka.

Ákvæði f-liðar auglýsingarinnar orðist þannig:

Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi, aldinsaft og límonaðisaft samkv. 5. og 6. tölulið sama kafla með 100% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.157
16. júlí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 92 17. maí 1951, um jarðrækt.

1. gr.

Á eftir tölulið VII. í 11. gr. reglugerðarinnar komi nýr liður, er verði VIII. töluliður og hljóði svo:

VIII. Garðávaxtageymslur:

- a. Steyptar með þaki úr varanlegu efni kr. 5.50 á m³
b. Garðávaxtageymslur úr öðru efni — 3.00 á m³

Töluliður VIII., sem nú er, verði IX.

2. gr.

Á eftir tölulið VII. í 12. gr. reglugerðarinnar komi nýr liður, er verði töluliður VIII. og hljóði svo:

VIII. Garðávaxtageymslur:

- a. Steyptar garðávaxtageymslur skulu vera með steiptum veggjum vel vatns-heldum og einangruðum. Gólf skal vera steipt og svo frá gengið, að eigi geti stafað hætta af jarðvatni. Enda skal byggingarstæði valið með tilliti til þess. Þak skal vera þétt og vel einangrað. Rimlagrindur skulu vera í botni á stíum. Loftræsting skal vera góð. Hurðir skulu vera tvöfaldar.
- b. Garðávaxtageymslur úr öðru efni:

Þær skulu vera með vel þéttu og einangruðu þaki og þannig byggðar að þær séu öruggar gegn frosti. Loftræsting skal vera góð og hurðir tvöfaldar.